

ATLI HARÐARSON
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ljóðið um ketti heilags Nikulásar eftir Gíorgos Seferis

Ljóðskáldið Gíorgos Seferis (Γιώργος Σεφέρης) fæddist árið 1900 í bæ sem heitir Vúrla (Βουρλά) á grísku en Urla á tyrknesku. Bær þessi er skammt vestan við borgina sem Grikkir nefndu Smyrnu (Σμύρνη) en heitir nú Izmir og er í Tyrklandi. Hann var mikilsvirtur á sinni tíð og birtist það meðal annars í því að á efri árum var hann sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við háskólana í Oxford og Cambridge á Englandi, Princeton í Bandaríkjunum og Þessalóníku í Grikklandi (Párisis 2008). Hann lést í Aþenu árið 1971.

Seferis hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1963. Af því tilefni tók Sigurður A. Magnússon við hann viðtal sem birtist í Morgunblaðinu. Viðtalið gefur nokkra innsýn í líf skáldsins þar sem segir meðal annars: „Sambúðina milli hinna opinberu starfa hans í utanríkisþjónustunni og köllunar sem ljóðskálds sagði Seferis hafa gengið vel. Hann hefði að vísu haft miklu minni tíma fyrir ljóðlistina en æskilegt hefði verið, einkum meðan hann var sendiherra í London. Það hafi verið mjög erfitt tímabil. Kýpurdeilan hafi þá staðið sem hæst og allir hans kraftar farið í starfið“ (Sigurður A. Magnússon 1963, 8).

Elstu íslenskar þýðingar á ljóðum Seferis sem mér er kunnugt um eru eftir Thor Vilhjálmsson og komu út í *Birtingi* (Seferis 1963) sama ár og Seferis fékk Nóbelsverðlaunin. Sá þýðandi sem mest hefur gert til að kynna skáldið fyrir íslenskumælandi lesendum er Sigurður A. Magnússon. Hann þýddi meðal annars ljóðabókina *Mybistorima* (*Μυθιστόρημα*) sem upphaflega kom út árið 1935.

Þýðingin heitir *Godsaga* (Seferis 1967). Einnig eru þýðingar Sigurðar á sex ljóðum hans í bókinni *Naktir stóðum við: 5 grísk nútímaskáld* (Sigurður A. Magnússon 1975). Næst á eftir Sigurði er Geir Kristjánsson sá sem mest hefur gert til að kynna Seferis hér á landi. Í bók Geirs (1971), *Hin græna eik*, eru fimm ljóð eftir skáldið.

Allmörgum áður útgefnum þýðingum eftir Geir Kristjánsson, Sigurð A. Magnússon og Thor Vilhjálmsson er safnað saman í bókinni *Grikkland alla tíð* (Kristján Árnason 2013, 291–305). Í þeirri bók eru líka þrjú ljóð eftir Seferis þýdd af Kristjáni Árnasyni og eitt ljóð þýtt af mér. Í bókinni *Grikkland ár og síð* er líka endurbirt þýðing Sigurðar A. Magnússonar á einu ljóði og Geirs Kristjánssonar á tveimur ljóðum skáldsins (Sigurður A. Magnússon, Kristján Árnason, Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur J. Guðmundsson, 2009, 381–383). Einnig er vert að nefna að Erlendur S. Eyfjörð hefur nýlega birt þýðingar á ljóðum eftir Seferis í *Són: Tímiriti um óðfræði* (Seferis 2018).

Í inngangi að *Godsögu* gerir Sigurður A. Magnússon grein fyrir höfundinum og stöðu hans í bókmenntasögunni. Mun styttra yfirlit yfir æviferil Seferis og verk má finna í grein eftir mig sem birtist í *Són: Tímiriti um óðfræði* (Atli Harðarson 2015).

Ljóðið um ketti heilags Nikuláasar, sem hér fer á eftir, er eitt af síðustu verkum Seferis. Það birtist í bókinni *Átján textar* (Δεκαοχτώ κείμενα) sem út kom 1970. Ljóðið vísar í gamla sögu um ketti í klaustri á Kýpur. Saga þessi er til í ritum frá fimmtánu og sextánu öld. Um hana er fjallað í grein eftir Katerina Krikos-Davis (1984) þar sem jafnframt er rökstutt að það sem segir í ljóðinu um „kynslóðir af eitri“ spegli viðhorf skáldsins til herforingjastjórnarinnar sem ríkti á Grikklandi frá 1967 til 1974. Sú túlkun er nærtæk og sennileg í ljósi þess að skömmu fyrr, vorið 1969, hafði Seferis sent frá sér yfirlýsingu gegn herforingjastjórninni sem vakti verulega athygli (Parisis 2008). Bókin *Átján textar* tengist líka andófi gegn þessari illa þokkuðu stjórn sem reyndi að drepa menningu og sköpun í dróma. Það birtist í innihaldi kaflanna og ef til vill líka í heiti ritsins. Stjórnvöld höfðu nýlega sett lög um hvað mætti birta á prenti og hvað ekki og átti framkvæmd þeirra að taka við af fyrri aðferðum við ritskoðun. Lögin kröfðust þess að nöfn bóka væru í nákvæmu samræmi við innihald þeirra. Roderick Beaton (2003,

400–401) segir frá þessu í ævisögu Seferis og lætur þess getið að höfundarnir átján hafi gefið fyrirællum stjórnvalda langt nef með því að láta bók sem innihélt átján kafla fá þennan titil.

Kettir heilags Nikulásar¹

Allt um það syngur mér innst í barmi
einráður grunur, án lýrustrengs,
dapran harmaslag hefninornar,
horfinn líknandi von.
(Agamemnon, 990 o. áf.²)

„Mér sýnist að þetta sé skaginn þar sem kettirnir voru ...“ sagði
kaftinninn við mig
og benti á lága strandlengju úti í mistrinu.
Það var jóladagur og enginn á ferli við sjóinn,
„... og þarna lengra í vestri fæddist Afródíta í öldum hafsins;
staðurinn er kallaður Rómverjaklettur.³
Hart í bak!“
Hún hafði augun hennar Salóme, læðan sem ég missti í fyrra
og Ramazan, hvernig hann starði á dauðann án þess að hvika,
heila daga í snjónum í Anatólíu
í frosti og sól,
heila daga án þess að hvika, aringuðinn smái.⁴
Ferðalangur, ekki staðnæmast.⁵

1 Þýtt úr grísku eftir útgáfu á vefsíðunni https://www.greek-language.gr/digitalResources/literature/tools/concordance/browse.html?end_id=1&text_id=3188

2 Tilvitnunin er úr leikritinu Agamemnon eftir Æskílos, hér í þýðingu Helga Hálfðanarsonar (1990, 34).

3 Þessi staður, sem heitir Petra tú Romíu (Πέτρα του Ρωμίου) á grísku, er á suðvesturströnd Kýpur. Nafnið vísar til Grikkja ekki síður en þess fólks sem við köllum Rómverja því grískumælandi íbúar í Miklagarðsríkinu og síðar í ríki Ottómána kölluðu sjálfá sig Rómverja (Ρωμιοί).

4 Hér minnst Seferis katta sem hann átti tveimur áratugum áður en hann orti ljóðið, högnans Ramazan sem dó í Ankara í Tyrklandi í október 1949 og læðunnar Túti sem dó ári fyrr. Seferis átti heimili í Ankara meðan hann var sendiherra Grikklands í Tyrklandi (Beaton 2003, 283).

5 Þessi lína vísar í eftirmæli sem Seferis orti þegar læðan Túti dó.

„Hart í bak“ muldraði stýrimaðurinn.

... vinur minn sem hefur ekki lengur fast skiprúm
 gæti hætt þessu flakki,
 haldið sig inni í litlu húsi með innrömmuðum myndum
 og leitað að gluggum að baki þeim.
 Skipsklukkan sló
 eins og hent væri smámynt úr ríki sem leið undir lok
 og minnti á ölmusur horfinna tíma.

„Undarlegt“, tók kaftéinninn aftur til máls.
 „Þessi klukka – kannski vegna þess hvaða dagur er í dag –
 hún minnir mig á aðra, sem var í klaustrinu.
 Það var munkur sem sagði mér frá henni,
 hálfgalinn draumóramaður.

Þegar þurrkarnir miklu voru
 – fjörutíu ár og ekki dropi úr lofti –
 lagðist af byggð hér á eyggi;
 fólkið dó og jörðin ól snáka.
 Á þessum skaga voru þeir milljónum saman,
 digrir sem mannsfætur
 og eitradir.
 Nikulásarklaustrið var þá í umsjá
 munka frá sankti Basil
 og þeir gátu hvorki erjað ræktarlöndin
 né haldið hjörðum til beitar;
 kisurnar sem þeir fódruðu urðu þeim til bjargar.
 Í hvert sinn sem morgunn reis sló klukkan
 og liðið hélt til orrustu.
 Þær börðust allan daginn þar til sú stund kom
 að hún kallaði til kvöldverðar.
 Eftir mat sló klukkan aftur
 og þær gengu út og börðust næturlangt.
 Það var sjón að sjá þær, menn létu þess getið,
 sumar haltar, sumar blindar,
 vantaði trýni, vantaði eyra, feldurinn tættur.

Fjögur klukkuslög á dag og þannig leið tíminn,
mánuðir, ár.

Ævinlega meiddar og sárar en fullar af hamslausri þrjósku
útrýmdu þær snákunum og að lokum
hurfu þær sjálfar; þoldu ekki svo mikið eitur.
Eins og sokkið skip
sem skilur ekki eftir nein ummerki á sjónum
hvorki mjálm né hljóm í klukku.

Tökum strikið!

Hvað gátu þær gert þessir ræflar
sem börðust og drukku daga og nætur
eitrað blóðið úr skriðkvikindunum.

Árhundruð af eitri; kynslóðir af eitri.“

„Tökum strikið“ endurtók stýrimaður og lét sér fátt um finnast.

Miðvikudagur, 5. febrúar 1969

Atli Harðarson þýddi úr grísku

HEIMILDIR

- Atli Harðarson. 2015. „Ljóðið Afneitun eftir Gíorgos Seferis.“ *Són: Tímarit um óðfræði* 13, 136–141.
- Beaton, Roderick. 2003. *George Seferis: Waiting for an Angel*. New Haven, CT: Yale University Press.
- Geir Kristjánsson. 1971. *Hin græna eik: Ljóðabýðingar*. Reykjavík: Heimskringla.
- Helgi Hálfðanarson. 1990. *Grískir harmleikir, Æskílos, Sófócles, Evrípídes: Helgi Hálfðanarson þýddi*. Reykjavík: Mál og menning.
- Krikos-Davis, Katerina. 1984. „Cats, Snakes and Poetry: A Study of Seferis’ ‘The Cats of Saint Nicholas.’“ *Journal of Modern Greek Studies* 2, nr. 2, 225–240.
- Kristján Árnason, ritstj. 2013. *Grikkland alla tíð: Sýnisbók þýðinga úr grísku*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Paris, Nikitas (Παρίσης, Νικήτας). 2008. Γιώργος Σεφέρης, ο ποιητής και το ποιητικό του έργο. Άρνα: Εκδόσεις Πατάκη.
- Sigurður A. Magnússon. 1963. „Ljóðlistin er mannkyninu ekki síður mikilvæg en vísindin“, Einkaviðtal Morgunblaðsins við gríska ljóðskáldið Giorgos Seferis, er hlaut bókmenntaverðlaun Nobels í ár.“ *Morgunblaðið*, 25. október 1963. <https://timarit.is/page/1353762>
- Sigurður A. Magnússon. 1975. *Naktir stóðum við: 5 grísk nútímaskáld*. Reykjavík: Íðunn.
- Seferis, Gíorgos. 1963. „Vegna þess að svo mikið“ og „Hydra“. Þýdd af Thor Vilhjálmssyni. *Birtingur* 9, nr. 3–4, 4–5. <https://timarit.is/page/5389961>
- Seferis, Gíorgos. 1967. *Goðsaga*. Þýdd af Sigurði A. Magnússyni. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Seferis, Gíorgos. 2018. „Sextán hækur.“ Þýddar af Erlendi S. Eyfjörð. *Són: Tímarit um óðfræði* 16, 104–106.
- Sigurður A. Magnússon, Kristján Árnason, Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur J. Guðmundsson, ritstj. 2009. *Grikkland ár og síð: Bók helguð tveggja alda afmæli Sveinbjarnar Egilssonar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.